

Nefndar- og greiningarsvið Alþingis

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

Þingeyjarsveit 30. nóvember 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun 479. mál.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur tekið til umsagnar frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun og hefur á fyrri stigum sent inn umsögn vegna málsins sem á enn við.

Sveitarstjórn vekur sérstaka athygli á mikilvægi Náttúrufræðistofnarmíðstöðvar við Mývatn í rannsóknnum á lífríki Mývatns og Laxár sbr. lög um verndun Mývatns og Laxár nr. 97/2004 og reglugerð um Náttúrufræðistofnastöðina við Mývatn nr. 664/2012 og leggur sveitarstjórn áherslu á að starfsemi hennar hafi fast aðsetur í Mývatnssveit og þar sitji forstöðumaður hennar sem leiðri rannsóknir samkvæmt lögum og reglugerð þar um.

Sveitarstjórn vill vekja sérstaka athygli á, umfram það sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, að nýverið flutti Náttúrufræðistofnarmíðstöðin við Mývatn í nýuppgerð húsnæði í Gíg, sem er í eigu ríkisins. Þar er öll aðstaða til rannsókna hin besta, sem og skrifstofuaðstaða. Hvetur sveitarstjórn stjórnvöld til að efla starfsemi Rannsóknarmíðstöðvarinnar og nýrrar ríkisstofnunar við Mývatn enda er húsnæði og önnur aðstaða til fyrirmyndar með sameiginlegri aðstöðu stofnanna og sveitarfélags í Gíg. Stofnanirnar í Gíg eru Umhverfisstofnun, Vatnajökulspjóðgarður, Háskóli Íslands, Þekkingarnet Þingeyinga, Hulda náttúruhugvísindasetur ásamt Þingeyjarsveit.

Gígur er því orðið virkt fræða-, þekkingar og vísindasamfélag sem byggt var upp í samstarfi ríkisins og sveitarfélaganna og mikilvægt að ríkið komi áfram að þessari miklu og mikilvægu uppbyggingu við Mývatn með eflingu ríkisstofnanna í þessu samfélagi.

Sveitarstjórn leggur einnig áherslu á að fastráðnir starfsmenn sem sinna rannsóknnum á lífríki Mývatns og Laxár hafi fasta búsetu í sveitarfélaginu og vinni í nánú samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands sem sinnir fjölbreyttum rannsóknum á Norðausturlandi.

F.h. sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar



Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri.